

Ágætu forráðamenn,

Eins og fram hefur komið greindist mygla í Flataskóla úr sýnum sem voru tekin í október og í kjölfarið var farið í heildarúttekt innan skólans. Lögð hefur verið áhersla á að grípa skjótt til aðgerða en Garðabær vinnur náið með verkfræðistofunni Mannvit sem heldur utan um sýnatökur og aðgerðir.

Mannvit upplýsti í dag, 23. janúar, um fyrstu niðurstöður úr sýnatökum sem fram fóru í desember og janúar en þær benda til þess að loka þurfi nokkrum rýmum í skólanum. Um er að ræða matsal og leikskóladeild skólans en einnig tvær kennslustofur 7. bekkja, eina stofu 3. bekkja, eina stofu 6. bekkja og sérkennslurými.

Til þess að geta brugðist við breyttum aðstæðum mun sjöundi bekkur og þriðji bekkur vera heima næstu tvo daga. Starfsemi leikskólans mun einnig liggja niðri næstu tvo daga.

Aðrir nemendur mæta í skólann venju samkvæmt en þurfa að koma með nesti með sér í skólann þriðjudaginn 24. janúar. Frá og með miðvikudegi mun Matartíminn sjá um nesti fyrir áskrifendur, en það verður með öðrum hætti en auglýst var fyrir þessa viku.

Við bíðum enn eftir frekari niðurstöðum sýnatöku. Mannvit ráðleggur bænum að grípa til þessara ráðstafana í samræmi við verklag bæjarins. Á næstu tveimur dögum munu starfsmenn skólans vinna að endurskipulagningu fyrir þá árganga sem um ræðir og forráðamenn verða áfram upplýstir um stöðu mála.

Einnig er velkomið að hafa samband ef spurningar vakna er varða skólahald eða aðgerðir sem verður farið í á skólahúsnæðinu. Hér má nálgast upplýsingar um verklag bæjarins vegna rakaskemmda: <https://www.gardabaer.is/umhverfi/byggingarmal-og-framkvaemdir/framkvaemdir/endurbaetur-vegna-rakaskemmda/>

Næstu skref samkvæmt verklaginu:

- Stofunum sem um ræðir verður lokað með loftþéttri lokun á meðan viðgerðir standa yfir.
- Beðið er eftir endanlegum niðurstöðum sýnatöku og þá verður hægt að leggja heildarmat á ástand skólans og í kjölfarið ráðast í endurbætur þar sem þörf er á. Ef til þess kemur verður afmörkuðum svæðum lokað með loftþéttri lokun á meðan viðgerðir standa yfir.
- Víðtækar hreingerningar verða framkvæmdar strax eftir lagfæringar ásamt hreinsun loftræstikerfis
- Að lokum mun Mannvit sjá um eftirfylgni en sýnataka fer aftur fram 2-3 mánuðum eftir að viðgerðum er lokið.
-

Upplýsingar veita:

Ágúst Frímann Jakobsson, skólastjóri, agustja@gardabaer.is

Edda Björg Sigurðardóttir, deildarstjóri grunn- og tónlistarskóla, eddabsig@gardabaer.is

Guðbjörg Brá Gísladóttir, sviðsstjóri umhverfissviðs, gudbjorgbra@gardabaer.is